

# **Stofnanasamningur milli Landhelgisgæslu Íslands og SFR**

(samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra dags. 09.03.2005)

## **1. Gildissvið**

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands.

## **2. Markmið**

Samningsaðilar eru sammála um að stefna beri að því að launakerfið uppfylli gagnkvæmar þarfir og væntingar stofnunarinnar og starfsfólks og hafa í því skyni sett sér eftirfarandi markmið:

- a) að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- b) að komið verði í veg fyrir launamun sem rekja má til kynferðis, þ.e. að greidd verði sambærileg laun fyrir sambærileg störf,
- c) að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- d) að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi.

## **3. Grunnröðun starfa í launaflokka**

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfinu raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

<b>Starfaflokkar:</b>	<b>Grunnröðun:</b>
Afleysingamaður	06
Aðstoðarmaður	10
Varðmaður	12
Aðstoðarvarðstjóri	19
Varðstjóri - þ.m.t. varðstjóri á bryggju	22
Aðalvarðstjóri	25
Almennur starfsmaður	16
Sérhæfður skrifstofumaður	21
Gjaldkeri, bókarí, launafulltrúi	22
Umsjónarmaður (fasteignir, lager)	21
Verkefnisstjóri	22
Sjókortagerðarmaður	22
Aðstoðarmaður sprengjusérfræðings	18
Sprengjusérfræðingur	22
Deildarstjóri (sprengjudeild o.fl.)	26
Ritari forstjóra	25

Tæknistjóri	28
Framkvæmdastjóri sjómælingasviðs	33

#### 4. Viðbótarforsendur til launaflokka

##### 4.1. Launaðir staðgenglar

Staðgenglar:

a) Sé aðalstarf starfsmanns launað sem staðgengilsstarf yfirmanns, skal það koma fram í ráðningasamningi hans.

Aðrir staðgenglar:

b) Fyrir 1. maí ár hvert skal liggja fyrir hvaða starfsmenn, sem ekki eru ráðnir sem launaðir staðgenglar, gegna störfum yfirmanna í forföllum þeirra.

Að öðru leiti er vísað til ákvæðis 9. kafla í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs um afleysingar.

##### 4.2. Starfsreynsla

Starfsmaður sem öðlast hefur starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með 5 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Starfsmaður með 7 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Starfsmaður með 10 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Jafnframt skal meta starfsreynslu sem starfsmaður hefur öðlast hjá öðrum en Landhelgisgæslu Íslands í sambærilegu starfi, þó að hámarki 2 launaflokkar (3 og 5 ára starfsreynsla).

##### 4.3. Menntun

Almennt er gert ráð fyrir 4 ára framhaldsmenntun við grunnröðun starfa. Þó er gert ráð fyrir meiri menntun og/eða reynslu vegna stjórnunarstarfa.

- Starfsmaður sem lokið hefur a.m.k. 30 eininga námi á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári og nýtist í starfi, skal hækka um einn launaflokk

##### 4.4. Starfsnám og símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun/námskeiði sem nýtist í starfi, skal hækka miðað við grunnröðun sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

##### 4.5. Mat á einstökum störfum

Við röðun starfs í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 3 til 4.4. skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, svo sem:

- starfið er mjög umfangsmikið,
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist,
- starfið felur í sér sérstaklega flókin verkefni,
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeiningar til annarra starfsmanna,
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar og/eða utan,
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

#### **4.6. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna**

Við röðun starfsmanna í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 3 til 4.5. skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

- starfsmaður hefur utanaðkomandi starfsreynslu eða þekkingu sem nýtist í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni og vilja til að fræða og leiðbeina öðrum,
- starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einu verksviði og/eða starfsstöð Landhelgisgæslunnar,
- starfsmaður sýnir sérstaklega góðan árangur í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstakan áhuga og frumkvæði í starfi,
- starfsmaður sækist eftir að afla sér símenntunar.

#### **5. Starfsmannasamtöl og launaviðtöl**

Starfsmannasamtöl skulu haldin árlega þar sem starfsmaður og yfirmaður fara sameiginlega yfir starf og starfslýsingu og meta frammistöðu og árangur. Starfsmannasamtöl skulu hefjast í janúar 2008 en undirbúningur þeirra hefst í nóvember 2007.

Starfsmaður getur farið fram á launaviðtal árlega við viðkomandi framkvæmdastjóra sviðs og starfsmannastjóra.

#### **FREKARI SKÝRINGAR Á LIÐUM 4.5. OG 4.6.**

-starfið felur í sér sérstaka ábyrgð

hér er átt við ábyrgð sem er umfram það sem fram kemur í starfsheitalýsingu, svo sem meðhöndlun fjármuna, innkaup í miklum mæli, stýringu stórra verkefna

-starfið felur í sér sérstaklega flókin verkefni

hér er átt við verkefni sem krefjast það mikillar sérhæfingar að erfitt er að þjálfa aðra starfsmenn til þessara verka

-starfinu fylgir kennsla eða leiðbeiningar til annarra starfsmanna

hér er átt við þegar umtalsverður hluti starfsins fer í það að þjálfa starfsmenn eða leiðbeina þeim án þess að um eiginlega verkstjórn sé að ræða

-starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar og/eða utan

hér er átt við að starfsmaður hafi yfir að búa mikilli sérþekkingu þannig að umtalsverður hluti vinnunnar sé ráðgjöf á sérsviði starfsmanns

-starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

hér er átt við að vinnuálag sé meira en með sanngirni má ætla að starfsmaður ráði við á umsömdum vinnutíma sínum

-starfsmaður hefur utanaðkomandi starfsreynslu eða þekkingu sem nýtist í starfi

- hér er átt við að ekki er einungis horft til formlegrar menntunar heldur einnig hvort reynsla starfsmanns, jafnvel af öðrum vettvangi, nýtist í starfi
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu  
hér er átt við að starfsmaður komi þannig fram að hann örvi samstarfsmenn til verka og leyti lausna
  - starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð  
hér er átt við að starfsmaður hefur ónæði af því að starfa á mörgum stöðum og því fylgi talsvert álag
  - starfsmaður sýnir sérstaklega góðan árangur í starfi  
hér er átt við að starfsmaður ljúki verkefnum á tíma og þau séu þannig unnin að yfirmaður hafi litlu við þau að bæta
  - starfsmaður sýnir sérstakan áhuga og frumkvæði í starfi  
hér er átt við starfsmaður hafi frumkvæði að verkefnaöflun, gangi til verka án þess að bíða eftir fyrirmælum og leiti nýrra leiða varðandi úrlausn verkefna

## **6. Endurskoðun og gildistími**

Stofnunarsamningurinn tekur gildi frá og með 1. maí 2007 til og með 30. apríl 2008. Samningnum er hægt að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara. Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

Reykjavík, 12. desember 2007.

F.h. SFR

F.h. LHG

### ***Bókun***

***1. Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 4 launaflokka tímabundið meðan sinnt er sérstökum verkefnum að beiðni stofnunar. Greiðslur vegna slíkra starfa falla niður þegar verkefni lýkur.***

***2. Starfsmenn sem gegnt hafa sérstökum störfum til hliðar við sitt aðalstarf og hafa fengið aukagreiðslur fyrir, skulu halda þeim hafi þeir gegnt því starfi í tíu ár eða lengur en þurfa að hætta vegna aldurs eða annarra óviðráðanlegra orsaka og er þar átt við til dæmis sprengjusérfræðinga og kafara.***

***3. Unnið skal að starfslýsingum þeirra starfsmanna sem eru félagsmenn í SFR. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 30. apríl 2008.***